



Starfsáætlun Íþróttar- og tómstundasviðs – 2007 –



Skemmtilegur frítími

Drög til borgarstjórnar 5. des



Efnisyfirlit:

<i>Inngangur</i>	3
<i>Skipurit fyrir Íþrótt- og tómstundasvið</i>	4
<i>Hlutverk ÍTR</i>	5
<i>Helstu verkefni 2006</i>	6
<i>Heildarstefnukort ÍTR 2007</i>	8
<i>Skýringar á markmiðum í stefnukorti</i>	8
<i>Þjónusta – Helstu verkefni 2007</i>	11
<i>Verklag – Helstu verkefni 2007</i>	13
<i>Fjármál – Helstu verkefni 2007</i>	14
<i>Mannauður – Helstu verkefni 2007</i>	15
<i>Helstu framkvæmdir sem framundan eru vegna íþróttamannvirkja</i>	16
<i>Lykiltölur ÍTR 2007</i>	17
<i>Skorkort ÍTR 2007</i>	18
<i>Fjárhagsáætlun ÍTR 2007</i>	19

Inngangur

Vettvangur Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkur (ÍTR) er frítíminn. ÍTR sinnir frítímaþjónustu þar sem velferð og lífsgæði almennings eru í fyrirrúmi. Breytt samfélag með nýjum þörfum hefur leitt til þess að ÍTR hefur sífellt tekist á við ný verkefni. Nefna má áhrifaþætti eins og aukinn frítíma fólks, aukna atvinnuþátttöku, lengra skólaár og breyttar aðstæður unglinga. Þessir þættir hafa haft áhrif á aukna þörf fólks fyrir þjónustu sem ÍTR hefur veitt. ÍTR vill að frítímaþjónustan stuðli að félagslegri velferð og sé farvegur menntunar og menningar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku.


Í starfsáætlun fyrir árið 2007 er sett fram skipurit fyrir ÍTR og greint frá helstu verkefnum 2006. Síðan er sagt frá meginhlutverki ÍTR og helstu hlutverkum fagskrifstofa og deilda. Þá er birt nýtt stefnukort ÍTR sem er nokkuð breytt frá fyrra ári og endurspeglar nú í ríkari mæli þjónustu ÍTR. Í kjölfar stefnukortsins birtast aðgerðir fyrir árið 2007 sem miða að því að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að. Að lokum eru settar fram lykiltölur og skorkort þar sem leitast er við að velja einfaldar og skýrar mælingar til þess að meta árangur milli ára.

Innan ÍTR eru starfandi tvær fagskrifstofur, annars vegar vegna íþróttamála og hins vegar vegna tómstundamála og tvær deildir sem sinna fjármálaþjónustu og starfsmannaþjónustu. Margir starfsmenn komu að gerð starfsáætlunarinnar sem er byggð á meginstefnu og starfsáherslum ÍTR 2005–2010. Haldnir voru starfsdagar með forstöðumönnum og deildarstjórum ásamt rekstrarstjórum á skrifstofum íþrótt- og tómstundamála. Starfsmenn á aðalskrifstofu ÍTR tóku virkan þátt í gerð starfsáætlunarinnar og að auki var haft samráð við starfsfólk á vettvangi. Jafnframt var tekið mið af málefnaáherslum nýs meirihluta í borgarstjórn, nýrri starfsáætlun í málefnum innflytjenda og fólks af erlendum uppruna og starfsáætlun ÍTR í jafnréttismálum.

Þema ársins 2007 hjá ÍTR er *skemmtilegur frítími*. ÍTR mun því, eins og árið 2006, leggja áherslu á að sérhver einstaklingur geti nýtt frítímaþjónustuna sér til ánægju og gleði. Skemmtun er eitt af gildum ÍTR, önnur gildi eru heilbrigði, félagsleg þátttaka, uppeldi, forvarnir, jafnrétti, samstarf og fagmennska. Öll þessi gildi liggja ávallt til grundvallar í starfinu þó að áfram verði lögð áhersla á skemmtilegan frítíma árið 2007.

Á næstu misserum ætla borgaryfirvöld að auka beinan stuðning við þátttöku barna og unglinga í skipulögðu æskulýðs- og íþróttastarfi með frístundakortum. Fyrsti hluti verkefnisins mun hefjast árið 2007. Verkefnið er í eðli sínu samfélagsverkefni sem hefur það að markmiði að tryggja að opinber stuðningur skili sér sem best og nýtist vel þeim sem vegna efnahags- eða félagslegra aðstæðna eiga ekki jafn auðvelt og aðrir með að taka þátt í skipulögðu frítímastarfi. Ennfremur mun ÍTR ásamt fjölmörgum aðilum sem koma að málefnum barna og unglinga í Reykjavík vinna að því að börn geti hafið frístundastarf um leið og skóla lýkur á daginn. Þannig geta samverustundir fjölskyldunnar hafist þegar foreldrar koma heim úr vinnu. Barnafjölskyldur í borginni munu í fyllingu tímans njóta þessara aðgerða.

Skipurit fyrir Íþróttta- og tómstundasvið



Hlutverk ÍTR

Meginhlutverk Íþróttta- og tómstundasviðs er að:

- Stuðla að heilbrigði almennings með því að skapa einstaklingum á öllum aldri sem best aðgengi að fjölbreyttri íþróttaiðkun, alhliða líkamsrækt, skemmtun, afþreyingu og slökun.
- Stuðla að því að börnum, unglingum og ungmennum standi til boða íþróttta- og tómstundastarf sem hafi uppeldis- og forvarnargildi.
- Styrkja íþróttta- og æskulýðsstarfsemi í borginni.
- Hafa eftirlit með íþróttta- og æskulýðsstarfsemi sem nýtur styrkja frá Reykjavíkurborg.
- Vera leiðandi varðandi eflingu og þróun fagumhverfis fyrir frítímaþjónustu
- Tryggja starfsmönnum góð starfsskilyrði og möguleika á að vaxa og dafna í starfi.

Aðalskrifstofa Íþróttta- og tómstundasviðs sér til þess að ákvarðanir íþróttta- og tómstundaráðs komist til framkvæmda og ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu sviðsins og starfsstaða sem undir það heyra, þar með talið að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda. Á aðalskrifstofu skiptist starfsemin í skrifstofu Íþróttta- og tómstundasviðs, fjármála- og rekstrarþjónustu, starfsmannaþjónustu, skrifstofu tómstundamála og skrifstofu íþróttamála.

Skrifstofa Íþróttta- og tómstundasviðs annast þjónustu við íþróttta- og tómstundaráð, stefnumótun, samskipti við stjórnsýslu borgarinnar og innleiðingu breytinga. Nýsköpun, þróunar- og gæðamál, mannréttindamál, skjalastjórnun, samþættingu þjónustu og upplýsingatækni. Kynningarstarf og markaðsmál eru einnig á verksviði skrifstofunnar. Skrifstofa ÍTR hefur auk þess eftirlit með íþróttta- og æskulýðsstarfsemi sem nýtur styrkja frá Reykjavíkurborg.

Fjármála- og rekstrarþjónusta sinnir almennri fjármálastjórnun, fjárhagsáætlunargerð og ráðgjöf til starfsstaða. Ábyrgð á fjárreiðum, umsjón með innheimtu, innkaupum, bókhaldi, eignaumsýslu, tryggingum og almennum rekstrarþáttum.

Starfsmannaþjónusta annast ráðgjöf og aðstoð vegna ráðninga og vinnumhverfis, heldur utan um símenntun og starfsþróun og sér um samstarf við stéttarfélög. Vinnumiðlun ungs fólks heyrir undir starfsmannaþjónustu ÍTR.

Skrifstofa tómstundamála ber ábyrgð á stefnumótun, áætlanagerð, rekstri starfsstaða og æskulýðsmannvirkja og samskiptum við fagaðila, félög og samtök um frítímaþjónustu við ungt fólk og almenning. Skrifstofan hefur umsjón með starfsemi frístundamiðstöðva sem reka félagsmiðstöðvar og frístundaheimili í hverfum borgarinnar. Enn fremur heyrir Hitt Húsið undir skrifstofuna, siglingaklúbburinn Siglunes, hjólabrettagarðar og leikvellir. Að auki fjöldi verkefna og viðburða á borgarvísu, þar á meðal Reykjavíkurráð ungmenna, hæfileikakeppnin Skrekkur, Músíktílaunir, Unglist, Freestyle og spurningakeppnin Nema hvað?

Skrifstofa íþróttamála ber ábyrgð á stefnumótun, áætlanagerð, rekstri starfsstaða og íþróttamannvirkja og samskiptum við fagaðila, félög og samtök, íþróttahreyfinguna og almenning. Starfsemi sem heyrir undir skrifstofu íþróttamála er almenningssundlaugar, Ylströndin í Nauthólsvík, íþróttamiðstöðvar, sparkvellir, gervigrasvellir, skauta- og skíðasvæði auk þjónustudeildar fyrir félög og svæði.

Helstu verkefni 2006

Skrifstofa Íþróttá- og tómstundasviðs

- Lokið var við starfsáætlun í jafnréttismálum ÍTR 2006–2007.
- Gerð var starfsáætlun í málefnum innflytjenda og fólks af erlendum uppruna 2006-2007.
- Framkvæmd var viðhorfskönnun meðal unglunga um starfsemi félagsmiðstöðva.
- Gerðar voru þjónustukannanir meðal notenda þjónustunnar, m.a. meðal sundlaugagesta, foreldra barna á frístundaheimilum og í sumarstarfi ÍTR.

Fjármála- og rekstrarþjónusta

- Komið var á rafrænni tekjuskráningu sundlauga með flutningi gagna úr Centara afgreiðslukerfi í Agresso fjárhagskerfi.
- Bókhaldsvinnsla var flutt í miðlæga bókhaldsþjónustu Reykjavíkurborgar.
- Innleiðing á rafrænni skráningu barna á frístundaheimili í gegnum Rafræna Reykjavík. Sama kerfi er notað við innheimtu.

Starfsmannþjónusta

- Vinna hófst við innleiðingu á nýju vaktakerfi í sundlaugum með það að markmiði að nýta betur mannauð og auka sveigjanleika fyrir starfsfólk.
- Skoðaðir voru möguleikar á fleiri útfærslum á störfum, t.d. með hærri eða lægra starfshlutfalli, m.a. í samstarfi við önnur svið borgarinnar.
- Unnið var að því að efla fagumhverfi frítímaþjónustunnar með auknu samstarfi við menntastofnanir og stéttarfélag.
- Launavinnsla var flutt að hluta til í miðlæga þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar.

Skrifstofa tómstundamála


- Húsnæðis- og rekstrarsamningur milli Menntasviðs og ÍTR um afnot af skólahúsnæði fyrir starfsemi frístundaheimla voru undirritaðir í maí 2006.
- Rýmisþarfir fyrir starfsemi frístundaheimila voru skilgreindar og samþykktar af ÍTR og Menntasviði. Unnið var við drög að rýmisþörfum fyrir starfsemi félagsmiðstöðva og frístundamiðstöðva.
- Samkomulag var undirritað í maí af Menntasviði, Framkvæmdasviði og ÍTR um nýbyggingar, viðhald á húsbúnaði og tækjabúnaði íþróttamannvirkja, félagsmiðstöðva og frístundaheimila í grunnskólum Reykjavíkur.
- Unnin var úttekt á aðstæðum til útivistar- og almenningsíþróttaráðgjafar í Reykjavík.
- Opnað var frístundaheimili fyrir einhverf börn í Langholtsskóla.
- Ráðgjafafroskapjálfi var ráðinn til starfa til að annast handleiðslu og ráðgjöf til starfsmanna sem sinna stuðningi við fötluð börn.
- Úttekt var gerð á þátttöku ungra innflytjenda í tómstundastarfi ÍTR.
- Upplýsingar um framboð á íþróttá- og tómstundastarfi í Reykjavík á fjórum tungumálum var sett á heimasíðu ÍTR.
- Frístundaheimili í Norðlingaskóla var starfrækt frá hausti 2005, auk þess sem starfrækt var sumarstarfsemi í Norðlingaholti.
- Sex gæsluvellir voru reknir á vegum ÍTR yfir sumarið skv. ákvörðun borgarstjórnar, þeir eru við Malarás, Fróðengi, Arnarbakka, Njálsgötu, Rauðalæk og Frostaskjól.
- Haustið 2006 var gefin út handbók fyrir starfsmenn frístundaheimila.
- Viðhorfskönnun gerð meðal unglunga um félagsmiðstöðvar ÍTR.

Skrifstofa íþróttamála

- Unnið var að áframhaldandi uppbyggingu og hönnun sparkvalla í hverfum.
- Lokið var við gerð samninga vegna flutnings á starfsemi skíðadeilda ÍR og Víkings í Bláfjöll.
- Framkvæmdum lauk við gervigrasvöll á félagssvæði ÍR og unnið er að skipulagsþáttum á velli fyrir Víking.
- Unnið var að öflun hugmynda og þarfagreiningar vegna endurbyggingar Laugardalslaugar.
- Áfram var haldið við framkvæmdir við Hlíðarenda á vegum Vals, í samstarfi við Reykjavíkurborg.
- Lokið var framkvæmdum við fimleikahús Ármanns í Laugardal.
- Nýframkvæmdir og endurbygging á Laugardalsvelli er á lokastigi.
- Unnið var að gerð gervigrasvallar og sparkvallar við Egilshöll í stað malar- og grasvalla.
- Viðræður hófust um uppbyggingu golfvalla GR, flutning Fram í Úlfarsárdal og endurskipulagningu íþróttasvæða Fylkis, Fjölnis og Leiknis.
- Komið var upp skápum í búningsklefum í Árbæjarlaug, Breiðholtslaug og Grafarvogslaug.



Heildarstefnukort ÍTR 2007



Skýringar á markmiðum í stefnukorti

Þjónusta

Íbúar stundi heilbrigðar frístundir

ÍTR stuðlar að heilbrigði almennings með því að skapa einstaklingum á öllum aldri sem best aðgengi að fjölbreyttum tómstundum í samstarfi við fjölmarga aðila. Sérstaklega er leitast við að hafa áhrif á viðhorf barna og unglinga og hvetja þau til að kjósa heilbrigðan lífsstíl. ÍTR leggur áherslu á þá verðmætasköpun sem felst í öflugri forvarnastarfi og heilsurækt, félagsstarfi hverskonar og framlagi ungs fólks til menningar og lista. Í þessu tilliti beitir ÍTR sér fyrir samstarfi stofnana, félaga og fyrirtækja í hverfum í þeim tilgangi að bæta þjónustu og efla félagsauð.

Fjölbreytt framboð á skipulögðu frístundastarfi

ÍTR leitast við að mæta þörfum borgarbúa á öllum aldri fyrir íþrótt- og tómstundaiðkun og að þjónustan sé sniðin að fjölbreytilegum og ólíkum þörfum þeirra. Við skipulag á

starfsemi skal gæta þess að mannréttindi séu virt. ÍTR leggur áherslu á að veita góða þjónustu og að almenn ánægja sé meðal þeirra sem nýta sér þjónustu ÍTR.

Íbúar eru upplýstir um frístundamöguleika

Áhersla er lögð á að veita aðgengilegar og skýrar upplýsingar um íþrótt- og tómstundatilboð í hverfum borgarinnar.

Fjármál

Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármuna

ÍTR kappkostar að úthlutun fjárheimilda í fjárhagsáætlun sé í samræmi við pólitíska stefnumörkun. ÍTR leggur áherslu á verklag sem stuðlar að hagkvæmri nýtingu á eignum borgarinnar og vandaða kostnaðargreiningu sem grundvöll að ákvörðun um starfsemi. Leitað er fyrirmynda við samanburðarhæf verkefni innan og utan borgarkerfisins. Horft er til möguleika sem skapast geta til hagkvæmra þjónustusamninga og samstarfs við félagasamtök og einkaaðila um uppbyggingu og rekstur starfsemi. ÍTR leitast við að skapa sveigjanlegt rekstrarumhverfi þar sem forsendur og ástæður hvernar rekstrareiningar eru endurmetnar reglulega á starfsárinu.

Verklag

Skýrt verklag

Hlutverk ÍTR skal vera vel skilgreint gagnvart notendum og samstarfsaðilum. Mikilvægt er að verkferlar við lausn viðfangsefna séu vel skilgreindir, verklagsreglur skýrar og að öll málsmeðferð fái vandaða og skjóta afgreiðslu. Ákvarðanir og ástæður að baki þeim séu skýrt tilgreindar og rökstuddar.

Skilvirk meðferð erinda

Öll erindi eiga að fá skjóta og sanngjarna meðferð og skulu reglur vera skýrar og gegnsæjar. ÍTR beitir sér fyrir því að notendur þjónustunnar eigi auðvelt með að koma með ábendingar og kvartanir. Upplýsingar sem þannig berast skulu skráðar og skilgreint hvernig skuli við þeim brugðist.

Samráð og þátttaka hagsmunaaðila í stefnumótun og ákvarðanatöku

ÍTR leggur áherslu á samráð við borgarbúa, félög, samtök og aðra aðila sem koma að félagslífi, íþróttum og menningu í borginni. Samráð er haft við skipulagningu á starfinu, stefnumótun, ákvarðanatöku og við eflingu faglegrar umræðu um málefni frítímans. Í þessu tilliti leitar ÍTR einnig eftir samráði við notendur þjónustunnar, starfsfólk, stjórnmálamenn og sérfræðinga.

Aðgengilegar og skýrar upplýsingar

Mikilvægt er að upplýsingagjöf um starfsemi ÍTR, helstu verkefni og stefnumál sviðsins sé markvisst komið á framfæri á skýran og aðgengilegan hátt. Jafnframt er leitast við að koma fljótt og vel til móts við þá sem þurfa að leita eftir upplýsingum eða eiga önnur erindi við ÍTR.

Mannauður

Hæfir og áhugasamir starfsmenn

ÍTR leggur áherslu á að ráða til sín hæfa starfsmenn sem eru bæði áhugasamir og hafa metnað til að ná árangri í starfi. Lögð er áhersla á að gefa starfsfólki tækifæri til að auka hæfni og þekkingu sína svo þeir geti betur fylgt hraðri þróun í frítímaþjónustu. Allir starfsmenn skulu vera vel upplýstir og fá tækifæri til starfsþróunar með þjálfun, hvatningu, virðingu og stuðningi. Símenntunaráætlanir eru tæki til að tryggja markvissa fræðslu.

Árangursríkir stjórnunarhættir

ÍTR leggur áherslu á nútímalega og árangursríka stjórnunarhætti sem felast m.a. í stefnumiðuðu árangursmati, samstarfi, dreifingu ábyrgðar og þátttöku allra starfsmanna við stefnumótun. Árangursríkir stjórnunarhættir beinast að framþróun, auknum gæðum og verðmætasköpun.

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi

ÍTR vill stuðla að jákvæðu og hvetjandi starfsumhverfi til að gera starfsmönnum kleift að vaxa og dafna í starfi. Þetta gerist m.a. með því að styrkja frumkvæði starfsmanna, efla liðsanda og samstarf, standa vörð um jafnrétti og skapa fjölskylduvænt og sveigjanlegt starfsumhverfi. ÍTR leggur áherslu á að starfsfólki líði vel í vinnunni, starfið veiti því ánægju og að starfsumhverfið sé aðlaðandi og gefandi.



Þjónusta – Helstu verkefni 2007

MARKMIÐ	Skrifstofa tómstundamála	Skrifstofa íþróttamála
Íbúar stundi heilbrigðar frístundir	Börnum og ungmennum verði auðveldað að stunda íþróttir og heilbrigðar tómstundir óháð félagslegri og/eða fjárhagslegri stöðu fjölskyldunnar með frístundakorti. Um þetta verði settar skýrar vinnureglur.	
	ÍTR setji sér manneldismarkmið varðandi veitingar fyrir börn og unglinga í starfi ÍTR og veitingasölu til gesta.	
	Skoðaðir verði möguleikar á að bjóða börnum í 2. bekk upp á íþróttaskóla eða eitthvað annað án þátttökugjalds.	
	Endurmeta útirólt félagsmiðstöðvanna þar sem lögð er áhersla á að skilgreina vinnu á vettvangi í hverfum með það að markmiði að ná til unglinga sem ekki sækja starfsemi félagsmiðstöðva eða annað skipulagt tómstundastarf.	
Fjölbreytt og góð aðstaða fyrir frístundaiðkun	Gerð verði áætlun um betri nýtingu á íþrótt- og tómstundamannvirkjum og útivistarsvæðum til að auðvelda félögum, stofnunum, fjölskyldum og borgarbúum á ólíkum aldri aðgengi að góðri aðstöðu í frítíma. Útivistarskýrsla vinnuhóps frá 2006 sé höfð til hliðsjónar.	
	Endurskoða eldri skýrslu um aðgengi fatlaðra á öllum starfsstöðum ÍTR og gera úrbætur þar sem það á við.	
	Rýmisþarfir frístundamiðstöðva og félagsmiðstöðva verði fullunnar og samþykktar af viðkomandi aðilum.	Gerð verði úttekt á aðstöðu íþróttamannvirkja og sundlauga með tilliti til grunnþjónustu fyrir almenning og íþróttafélög. Gerð verði áætlun um úrbætur á hverjum starfsstað fyrir sig.
	Skilgreina grunnþjónustu frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundamiðstöðva.	Sparkvöllum verði fjölgað í hverfum borgarinnar.

Fjölbreytt framboð á skipulögðu frístundastarfi	Skilgreint verði hvað felst í <i>þjónustu án aðgreiningar s.s.</i> vegna félagslegra aðstæðna, fötlunar, trúarbragða, tungumála o.fl.	
	Mótuð verði markviss stefna í frítímaþjónustu fyrir 10–12 ára börn.	Auka framboð á skipulögðu íþróttastarfi fyrir eldri borgara.
	Gerð verði áætlun um heilsárþjónustu fyrir unglinga í félagsmiðstöðvum.	Móta tillögur til að auka samstarf við menningar- og listastofnanir í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í laugunum, s.s. með sýningum og viðburðum.
	Aukin áhersla á opið starf fyrir 16 ára og eldri, þar sem ungmenni hafa tækifæri til að taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi.	
	Unglingar og ungmenni fái aukna möguleika til að kynnast frístundastarfi erlendis, m.a. með formlegum ungmenntaskiptum og sjálfboðaliðastarfi.	
	Gerð verði tilraun með heilsárþjónustu frístundaheimila í a.m.k. einu hverfi.	
	Unnið verði að frekari þróun barna- og unglingalýðræðis í hverfum borgarinnar og vinnuhópur geri tillögur að aukinni aðkomu barna og unglinga að ákvörðunum og starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Tekið verði tillit til aðkomu unglinga með annað tungumál en íslensku.	
Íbúar séu upplýstir um frístundamöguleika	ÍTR gefi út upplýsingaefni með jákvæðum skilaboðum til almennings um gildi heilbrigðra tómstunda og samveru foreldra og barna. Möguleikar til útivistar og frístundastarfs í borginni verði vel kynntir í útgefnu efni, á heimasíðum og á þeim vettvangi sem ÍTR hefur aðgang að. Upplýsingaefnið verði á nokkrum tungumálum.	

	Gefa út kynningarefni um starfsemi frístundamiðstöðva, bæði á íslensku og á erlendum tungumálum.	Gefa út kynningarefni um starfsemi sundlauga, bæði á íslensku og á erlendum tungumálum.
	Foreldrasamstarf verði aukið og hver starfsstaður geri grein fyrir verkefnum sem stuðla eiga að auknum foreldrasamskiptum.	
	ÍTR standi fyrir málþingi um frístundir og frístundastarf barna, unglunga og ungmenna í samvinnu við aðra fagaðila.	

Verklag – Helstu verkefni 2007

MARKMIÐ	Skrifstofa tómstundamála	Skrifstofa íþróttamála
Skýrir verkferlar	Markviss stýring gæðahandbókar ÍTR þar sem skráðir eru verkferlar fyrir starfsemi ÍTR.	
	Gerðar verða handbækur fyrir starfsmenn unglingastarfs, foreldra barna á frístundaheimilum og umsjónarmenn frístundaheimila.	Gerð verði gæðahandbók fyrir starfsfólk sundlauga.
Skilvirk meðferð erinda	Ábendingar og fyrirspurnir sem berast skulu skráðar og skýrar verklagsreglur skulu vera til um hvernig við þeim er brugðist.	
Samráð og þátttaka hagsmunaaðila í stefnumótun og ákvarðanatöku	Efla samráð milli íþróttafulltrúa íþróttafélaganna og starfsfólks ÍTR um skipulag tómstundamála í hverfum.	
	Auka samstarf við þjónustumiðstöðvar, móttökuskóla og fleiri aðila vegna þeirra sem vegna fötlunar, tungumála-örðugleika, félagslegrar aðstöðu eða annars þurfa stuðning við félagslega aðlögun í tómstundastarfi. Verkferlar verði unnir um slíkt samstarf.	Starfsstaðir skrifstofu íþróttamála taki í auknum mæli þátt í hverfasamstarfi m.a. við þjónustumiðstöðvar og frístundamiðstöðvar í hverfum.

Aðgengilegar og skýrar upplýsingar	Á hverjum starfsstað skal skilgreina hver ber ábyrgð á upplýsingagjöf s.s. um þjónustu, starfsemi, breytingar á afgreiðslutíma o.fl.	
		Settar verði upp rafrænar upplýsingatöflur við sundlaugar þar sem fram koma upplýsingar um gæði sundlaugarvatns, hitastig og orkunotkun.

Fjármál – Helstu verkefni 2007

MARKMIÐ	Skrifstofa tómstundamála	Skrifstofa íþróttamála
Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Lykilárangursþættir varðandi fjármál og rekstur skilgreindir.	
	Forstöðumenn verði þátttakendur í innra eftirliti vegna kostnaðar við viðhald á mannvirkjum og tækjum.	
	Greina leiðir til aukinnar hagkvæmni þeirrar starfsemi sem ÍTR rekur.	
	Kostnaðargreina starfsemi ÍTR með tilliti til umfangs mannvirkja, þjónustustigs og mannafla og gera samanburð við aðra sambærilega starfsemi, bæði hjá ÍTR og öðrum aðilum.	
	Fjárhagsáætlun verði endurskoðuð og taki breytingum ársfjórðungslega samhliða árshlutauppgjöri. Fjárveitingum verði úthlutað til fagskrifstofa og breytingar innan þeirra verði heimilaðar á grundvelli árshlutauppgjors.	
	Leitað verði leiða til að vinna að samhæfðri aðferðafræði sem auðveldar stjórnendum að greina tekjur og kostnað út frá margvíðum gögnum.	
	Stuðningur við stjórnendur á sviði fjármálastjórnunar verði aukinn og gefin verði út áætlun þar sem komi fram þjálfunaráætlun, fjárhagsáætlunarvinna, uppgjörsvinna o.fl.	
	Styrkir vegna íþrótta- og æskulýðsstarfs verði skoðaðir sérstaklega og kannað hvort þeir séu nýttir með tilliti til jafnréttissjónarmiða.	

Mannauður – Helstu verkefni 2007

MARKMIÐ	Skrifstofa tómstundamála	Skrifstofa íþróttamála
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Ráða fagmenntað starfsfólk í þau störf sem krefjast menntunar.	
	Viðræður við framhaldsskóla og menntamálaráðuneyti um nám fyrir frístundaleiðbeinendur og starfsfólk íþróttamannvirkja á framhaldsskólastigi.	
	Endurnýja samning við Háskóla Íslands um þróun náms, kennslu og rannsóknir á sviði tómstundafræða.	
	Gera samning við Kennaraháskóla Íslands um þróun náms, kennslu og rannsóknir á sviði tómstundafræða.	
	Stjórnendur þekki nýja verkferla sem snerta starfsmannasamtöl og símenntunaráætlanir og eyðublöð þar sem stjórnendur setja niður fræðsluþarfir sem fram koma í starfsmannasamtölum.	
	ÍTR gefi öllum starfsmönnum sem eru innflytjendur eða af erlendum uppruna tækifæri til að sækja starfstengt íslenskunámskeið og fræðslu um helstu réttindi og skyldur.	
Árangursríkir stjórnunarhættir	Þarfagreining á breyttu hlutverki starfsmannaþjónustu og fjármála- og rekstrarþjónustu þar sem metið er hvaða þjónustu deildirnar eiga að veita.	
	Skýra upp hlutverk stoðdeilda ÍTR í kjölfar þarfagreiningar.	
	Starfslýsingar á starfsheitum innan ÍTR verði uppfærðar og gerðar aðgengilegar á vef ÍTR.	
	Á heimasíðu ÍTR séu aðgengilegar á einum stað upplýsingar sem snúa að starfsmönnum.	
	Útbúa handbók fyrir starfsstaði með upplýsingum um kjaramál, útskýringum á launaseðli, áminningarferli, o.s.frv. og setja á vef ÍTR.	
		Vaktakerfi sundlauga endurskoðað. Skipaður verði vinnuhópur sem móti tillögur þar að lútandi.

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Starfsmannaþjónusta stuðli að auknu starfsöryggi starfsfólks ÍTR með heilsársráðningum.
	Viðræður við starfsmannafélag ÍTR (SÍTR) um samstarf milli starfsmannaþjónustu og SÍTR til að efla samskipti milli starfsstaða ÍTR.
	Stofnuð verði nefnd sem hefur það að markmiði að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks.

Helstu framkvæmdir sem framundan eru vegna íþróttamannvirkja

Unnið í samstarfi við Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar

- Halda áfram með undirbúning við byggingu upphitaðs gervigrasvallar með flóðlýsingu á félagssvæði Víkinga.
- Framkvæmdir við Hlíðarenda á vegum Vals, í samstarfi við Reykjavíkurborg, halda áfram.
- Lokið verður við endurbyggingu Laugardalsvallar í samstarfi við KSÍ.
- Haldið verður áfram með undirbúning að byggingu félagshúss á félagssvæði Leiknis ásamt búningsaðstöðu.
- Tekinn verður í notkun upphitaður gervigrasvöllur með flóðlýsingu á svæði ÍR og unnið verður áfram að hönnun á íþróttahúsi.
- Sett verður af stað vinna við undirbúning íþróttamannvirkja á félagssvæði Fjölnis.
- Undirbúningsvinna að hönnun á nýjum keppnisvelli ásamt stúku á félagssvæði Fylkis.
- Unnið við undirbúning að byggingu 25 metra innilaugar við Vesturbæjarlaug.
- Hafinn verður undirbúningur að vatnaskemmtigarði.
- Unnið við undirbúning að útvistarssvæði í Gufunesi.
- Unnið verður að uppsetningu á brettagörðum í Reykjavík.
- Hafinn verður vinna við að koma upp upp aðstöðu til skylminga.

Lykiltölur ÍTR 2007

	Raun 2004	Raun 2005	Raun/ áætlun 2006	Áætlun 2007
Heildarfjöldi starfsmanna hjá ÍTR	799	845	1016	1016
-Fjöldi starfsmanna skrifstofu tómstundamála		538	630	630
-Fjöldi starfsmanna skrifstofu íþróttamála		226	234	234
-Annað		115	152	152
Fjöldi karla í starfi hjá ÍTR		342	376	376
Fjöldi kvenna í starfi hjá ÍTR		537	640	640
Fjöldi stöðugilda	474	519	473	473
Fjöldi starfsfólks í fullu starfi		404	399	399
Fjöldi hlutastarfsmanna		360	486	486
Fjöldi starfsfólks í tímavinnu		115	131	131
Fjöldi námskeiða á vegum fræðsludeildar ÍTR	84	100	99	90
Fjöldi þátttakenda á námskeiðum á vegum fræðsludeildar ÍTR	2.241	2500	2.453	2.500
-Meðaltal námskeiðsstunda á þátttakanda	3,8	4,0	4,0	4,0
Aðsókn að sundstöðum í þús.	1.845	1.820	1.800	1.800
Fjöldi barna í sumarstarfi ÍTR	5.750	4.915	3.312	3.500
Fjöldi heimsókna á leikvelli ÍTR			7.584	8.000
Fjöldi áhorfenda Brúðubílsins	13.500	12.050	13.500	13.500
Fristundaheimilapláss samkvæmt áætlun (haust)	1.731	2.100	2.100	2.100
Fjöldi barna á fristundaheimilum, vor		2.031	2.047	2.200
Fjöldi umsókna á fristundaheimili, haust	2.138	2.277	2.591	2.600
Fjöldi barna á fristundaheimilum, haust (október)	2.017	1.957	2.265	2.400
Aðsókn að Ylströnd í þús.	120	105	110	120
Sumarráðningar hjá ÍTR, íþróttafélögum og í öðru æskulýðsstarfi í Rvk.	600	478	489	490
Fjöldi umsókna um styrki til ÍTR	85	85	70	70
Raforkunotkun kílóvattstundir, alls ÍTR	5.714.821	5.939.133	4.972.265	5.030.000
Heitt vatn í rúmmetrum, alls ÍTR	2.122.404	1.746.927	1.270.166	1.400.000
Kalt vatn í rúmmetrum, alls ÍTR	691.917	849.320	656.082	680.000
Fjöldi ungs fólks sem tekur þátt í ungmennaráðum hverfanna	42	41	43	43
Fjöldi unglinga sem taka þátt í unglingaráðum félagsmiðstöðva	176	181	217	210
Fjöldi unglinga sem taka þátt í Fjör- og Léttliðaverkefnum	160	139	135	140
Fjöldi umsókna um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg í gegnum VUF		2.606	2.557	2.600
Ráðningar í sumarstörf hjá Vinnumiðlun ungs fólks (VUF)	1.989	1.795	1.619	1.619

Skorkort ÍTR 2007

Þjónusta	Raun 2005	Raun/ áætlun 2006	Markmið 2007
Íbúar stundi heilbrigðar tómstundir			
% barna og unglunga sem eru í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi		71%	75%
% borgarbúa sem nýta sér þjónustu ÍTR		Ekki mælt	
% borgarbúa sem fara í sund reglulega (16-80 ára)	90%	2. hvert ár	85%
% borgarbúa sem hreyfa sig reglulega		Ekki mælt	
Fjölbreytt og góð aðstaða fyrir frístundaiðkun			
% sundlaugagesta sem eru ánægðir með aðstöðu sundlauganna		Ekki mælt	
% unglunga sem eru ánægðir með aðstöðu félagsmiðstöðva í sínu hverfi		75%	85%
% foreldra sem eru ánægðir með aðstöðu frístundaheimila	48%	2. hvert ár	80%
Fjölbreytt framboð á skipulögðu frítímastarfi			
% barna af erlendum uppruna/ innflytjenda á frístundaheimilum		Ekki mælt	
% foreldra sem telja börn sín ánægð í sumarstarfi ÍTR		93%	94%
% foreldra sem telja börn sín ánægð á frístundaheimilum ÍTR	85%	87%	90%
% unglunga sem eru ánægðir með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar í sínu hverfi		74%	80%
% sundlaugagesta sem eru ánægðir með þjónustu sundlauga ÍTR	94%	2. hvert ár	95%
% borgarbúa sem eru ánægðir með þjónustu sundlauga ÍTR	94%	86%	95%
% borgarbúa sem eru ánægðir með Fjölskyldu- og húsdýragarðinn	91%	83%	93%
Íbúar séu upplýstir um frístundamöguleika			
% borgarbúa sem þekkja þjónustu ÍTR		Ekki mælt	
Verklag			
Skýrir verkferlar			
% verkferla sem komnir eru í gæðahandbók ÍTR		40%	80%
% starfsstaða sem hafa upplýsingar úr starfsáætlun inni á sinni heimasíðu		20%	95%
Skilvirk meðferð erinda			
% samstarfsaðila í íþróttafélögum sem hafa jákvæða reynslu af viðbrögðum starfsfólks ÍTR við kvörtunum	84%	2. hvert ár	87%
Aðgengilegar og skýrar upplýsingar			
% borgarbúa sem telja upplýsingar um þjónustu ÍTR aðgengilegar		67%	75%
Samráð og þátttaka hagsmunaaðila í stefnumótun og ákvarðanatöku			
% stjórnenda þjónustumiðstöðva sem eru ánægðir með samstarf við ÍTR		Ekki mælt	
% stjórnenda í grunnskólunum sem eru ánægðir með samstarf við ÍTR		77%	85%
% forystumanna í íþrótta- og æskulýðshreyfingum sem eru ánægðir með samstarf við ÍTR	90%	2. hvert ár	90%
Fjármál			
Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármuna			
Frávik frá fjárhagsáætlun	0,85%	2,5%	<1%
Frávik frá launaáætlun – ekki meira en 1% yfir áætlun	-0,65%	<1%	<1%
Hlutfall ÍTR í almennum rekstri frístundaheimila á móti dvalargjöldum	35%	24%	30%
Meðalálagning sölustarfsemi sé í samræmi við fjárhagsáætlun – frávik	58%	61%	60%
Mannauður			
Hæfir og áhugasamir starfsmenn			
% starfsmanna sem telja sig hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mánuðum	71%	Ekki mælt	75%
% starfsmanna sem telja upplýsingastreymi til starfsmanna á sínum vinnustað sé gott	76%	Ekki mælt	78%
% starfsmanna sem telja hæfni sína vel nýtt í starfi	84%	Ekki mælt	86%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi			
% starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	91%	91%	92%
% starfsmanna sem eru ánægðir með samstarf og samskipti		86%	87%
% starfsmanna sem eru ánægðir með vinnuaðstöðu sína	67%	Ekki mælt	80%
% starfsmanna sem eiga auðvelt með að samræma starf og einkalíf	82%	Ekki mælt	84%
Árangursríkir stjórnunarhættir			
% starfsmanna sem telja álag í starfi sínu vera hæfilega mikið þegar á heildina er litið	67%	Ekki mælt	75%
% starfsmanna sem eru ánægðir með samskiptin við næsta yfirmann sinn	87%	Ekki mælt	88%
% starfsmanna sem fær iðulega hvatningu frá næsta yfirmanni sínum	71%	Ekki mælt	80%
% starfsmanna sem hafa farið í starfsmannasamtal á síðustu 12 mánuðum		Ekki mælt	80%

Fjárhagsáætlun ÍTR 2007

REKSTRARYFIRLIT

				Frumvarp 2007			
	Kosta.st.	Áætlun 2006	Endurskoðuð áætlun 2006	Útkomuspá 2006	Gjöld	Tekjur	Mismunur
Rekstur ÍTR:							
Íþrótt- og tómstundaráð	I1990	10.927	10.946	10.946	11.300	0	11.300
Skrifstofa ÍTR	I2000	95.750	105.404	105.404	122.999	0	122.999
Kynningar- og markaðsmál	I2010	15.805	15.805	15.805	18.728	2.725	16.003
Fræðsla og jafnréttismál	I2020	18.635	20.829	20.829	5.685	61	5.624
Rannsóknir og kannanir	I2030	4.524	4.541	4.541	5.626	944	4.682
		145.641	157.525	157.525	164.338	3.730	160.608
Atvinnumál:							
Atvinnumál ÍTR	I2050	5.000	5.085	5.085	0	0	0
Atvinnumál skólafólks	I2051	10.000	10.535	10.535	10.855	0	10.855
Vinnumiðlun ungs fólks	I2053	0	205	205	0	0	0
		15.000	15.825	15.825	10.855		10.855
Tómstundamál:							
Félags- og upplýsingamiðstöðin Miðberg	I3010	83.510	97.522	105.884	115.814	6.919	108.895
Fristundamiðstöðin Tónabær	I3020	80.633	101.647	121.057	134.366	10.983	123.383
Félagsmiðstöðin Ársel	I3040	50.520	61.645	67.542	77.790	7.845	69.945
Félagsmiðstöðin Frostaskjól	I3050	79.045	90.446	58.231	66.677	5.949	60.728
Starfsemi í Grafarvogshverfum	I3090	81.816	99.860	104.452	119.461	13.513	105.948
Félagsstarf í hverfum	I3510	9.267	9.962	9.962	10.493	137	10.356
Starfsemi fyrir fatlaða	I3720	2.201	2.421	2.421	2.690	181	2.509
Sumargrín og smíðavellir	I3880	14.504	15.562	15.562	17.893	1.812	16.081
Sumarnámskeið fyrir börn	I3910	13.432	13.535	13.535	14.198	0	14.198
Hitt húsið	I4000	73.746	83.999	83.999	98.673	12.328	86.345
Atvinnu- og forvarnarverkefni	I4005	13.395	14.523	14.523	19.160	4.264	14.896
Tipp Topp - miðstöð fatlaðra	I4006	18.004	21.992	21.992	32.739	10.454	22.285
Youth	I4022	0	3.739	0	0	0	0
Fristundaheimili	I7100	339.066	463.222	509.789	650.222	190.531	459.691
Gæsluvellir	I7170	21.000	31.601	15.520	17.000	870	16.130
Hverfastarf	I7501	2.255	2.255	2.255	2.361	0	2.361
Þróunarverkefni	I7550	25.858	27.450	21.402	45.317	2.416	42.901
		908.252	1.141.381	1.168.126	1.424.854	268.202	1.156.652
Íþróttamál:							
Laugardalslaug	I5000	195.521	232.060	229.986	404.388	168.704	235.684
Vesturbæjarlaug	I5010	23.887	35.011	38.150	98.745	61.032	37.713
Sundhöll	I5020	42.617	54.069	53.485	93.097	37.944	55.153
Breiðholtslaug	I5030	58.655	77.221	82.999	135.867	50.608	85.259
Íþróttahúsið Austurberg	I5031	16.056	19.005	18.926	40.881	21.036	19.845
Árbæjarlaug	I5040	84.459	105.405	109.382	197.682	84.234	113.448
Grafarvogslaug	I5050	63.483	83.916	81.805	156.186	71.915	84.271
Íþróttahús Grafarvogi	I5051	45.788	49.268	53.982	78.729	21.028	57.701
Íþróttamiðstöðin Klébergi	I5060	17.775	20.162	20.162	29.634	8.535	21.099
Ylströnd í Nauthólsvík	I5080	20.214	22.512	22.512	29.318	6.680	22.638
Íþróttahús í Seljahverfi	I5220	23.769	28.490	27.313	50.944	22.467	28.477
Íþróttahús KHÍ	I5230	(108)	1.870	4.143	11.887	8.014	3.873
Siglingar í Nauthólsvík	I5300	15.601	18.363	18.363	21.806	3.949	17.857
Þjónustudeild ÍTR	I5400	18.354	20.640	20.866	27.939	6.537	21.402
Þjónusta við félög	I540x	22.210	22.210	20.028	20.954	0	20.954
Gervigrasvöllur við Austurberg	I5411	2.241	2.241	2.241	16.254	14.316	1.938
Sparkvöllir	I5422	6.927	6.927	7.738	8.394	0	8.394
Íþróttastarfsemi fyrir aldraða	I5500	4.269	4.998	4.998	5.168	0	5.168
Heilsuborgin Reykjavík	I5600	3.090	3.090	3.090	3.232	0	3.232
Skiðabrekkur í hverfum	I6403	5.284	5.531	5.531	5.784	0	5.784
Hengilssvæði	I6700	10.000	11.895	0	0	0	0
Framlag til Skiðasvæðis höfuðborgarsv.	I6900	50.042	53.080	54.561	54.754	0	54.754
		730.134	877.964	880.261	1.491.643	586.999	904.644

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

				Frumvarp 2007			
Kostn.st.	Áætlun 2006	Endurskoðuð áætlun 2006	Útkomuspá 2006	Gjöld	Tekjur	Mismunur	
Önnur starfsemi:							
Menningartengd starfsemi	I7600	3.819	3.819	3.819	3.985	0	3.985
Hátíðarhöld 17. júní	I8000	21.297	21.602	23.629	25.000	0	25.000
Fólkvangur Kjalarnesi	I8250	2.293	2.363	2.363	3.093	577	2.516
Fjölskyldu- og húsdýragarður	I8400	86.234	107.255	140.009	217.542	106.964	110.578
Sameiginlegur kostnaður ÍTR	I8460	13.569	13.569	11.500	14.914	0	14.914
Veikindi	I8461	14.820	21.376	31.500	32.145	0	32.145
Stöðugildi þjónustumiðstöðvar	I8463	26.780	26.780	26.780	30.664	0	30.664
Tölvu- og tækniðeild	I8465	10.146	11.126	0	0	0	0
Gjaldferð lausafjárkaup	I8999	34.000	34.000	34.000	15.000	0	15.000
		212.958	241.890	273.600	342.343	107.541	234.802
Styrkir:							
Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála	I9010	34.000	34.000	34.000	40.000	0	40.000
Húsaleiga af borgarmannvirkjum	I9050	275.437	282.411	297.862	321.495	0	321.495
Byggingarstyrkir	I9300	464.358	464.358	464.358	433.353	0	433.353
ÍBR v/íþróttastarfsemi	I9310	28.000	28.000	28.000	29.288	0	29.288
Húsaleigu- og æfingastyrkir	I9320	832.700	874.062	874.062	1.171.998	0	1.171.998
Stofnstyrkir	I9998	30.900	30.900	0	33.619	0	33.619
ÍTR- útteiling potta	I9999	0	0	0	42.431	0	42.431
		1.665.395	1.713.731	1.698.282	2.072.184		2.072.184
Íþrótt- og tómstundasvið samtals							
		3.677.380	4.148.316	4.193.619	5.506.217	966.472	4.539.745
(Ráðstöfun afgang) / greiðsla halla	I8464	46.000	46.000	46.000	15.000	0	15.000
Framlag til Íþrótt- og tómstundasviðs		3.723.380	4.194.316	4.239.619	5.521.217	966.472	4.554.745

